



Reykjavík, 16. apríl 2024

MSS24040107

Borgarráð

Tillögur vegna aðalfundar Minjaverndar hf. 2024.

Boðað hefur verið til aðalfundar Minjaverndar hf. í samræmi við 11. gr. samþykktu félagsins, þann 30. apríl kl. 16.00 á Grand hóteli við Sigtún í Reykjavík kl. 16.00.

Í samræmi við lið 4.4 í Almennri eigandastefnu Reykjavíkurborgar þarf samþykki borgarráðs til beitingar réttinda eigandafyrirsvars vegna framlagðra tillagna. Eftirfarandi tillögur verða lagðar fram til afgreiðslu á aðalfundi Minjaverndar hf.:

Dagskrárliður 3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins á reikningsárinu.

Dagskrárliður 4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og endurskoðanda fyrir liðið starfsár.

Dagskrárliður 6. Kosning stjórnar sbr. 17. grein samþykktu.

Dagskrárliður 7. Kosning endurskoðanda sbr. 21. grein samþykktu.

Lagt er til að allar tillögur 3, 4 og 7 verði samþykktar. Varðandi tillögu 6 þá skipa stjórn Minjaverndar hf. fimm einstaklingum og þremur til vara. Lagt er til að fulltrúar Reykjavíkurborgar verði áfram þau Óli Jón Hertervig og Ólöf Örvardsdóttir sem aðalmenn og Nikulás Úlfar Másson til vara.

Málið er trúnaðarmál fram yfir aðalfund Minjaverndar sem haldinn verður 30. apríl 2024.


Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt: Fundargögn aðalfundar Minjaverndar hf.



Reykjavík

Minjavernd



Viðtakendur:

Reykjavíkurborg, Ráðhúsi Reykjavíkur 101 Reykjavík.

Fjármálaráðuneyti, Arnarhváli 101 Reykjavík.

Minjar sjálfseignarstofnun, b.t. Stefáns Friðfinnssonar form.
Laugarásvegi 37, 104 Reykjavík.

Reykjavík 10. apríl 2024.

Aðalfundur Minjaverndar hf. verður haldinn þriðjudaginn 30. apríl n.k. á Grand hóteli við Sigtún í Reykjavík og hefst kl. 16.00.

Dagskrá:


- Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár.
- Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt endurskoðunarskýrslu endurskoðanda félagsins.
- Ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins á reikningsárinu.
- Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og endurskoðanda fyrir liðið starfsár.
- Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins, ef borist hafa.
- Kosning stjórnar sbr. 17. grein samþykta.
- Kosning endurskoðanda sbr. 21. grein samþykta.
- Önnur mál.

Virðingarfyllt,

Minjavernd hf.

Þróstur Ólafsson form. stjórnar.
Þorsteinn Bergsson framkv.stj.

Minjavernd



Reykjavíkurborg

bt. Þorsteins Gunnarssonar borgarritara.

Reykjavík 16. apríl 2024.

Efni:

Til svars vegna fyrirspurnar í tengslum við aðalund Minjaverndar hf.

1. Meðferð hagnaðar eða taps í ársreikningum Minjaverndar er skv. samþykktum – færist á höfuðstól.
2. Ákvörðun um þóknum til stjórnar hefur verið ákveðin á aðalfundum. Var fyrir árið 2022 kr. 495 þúsund fyrir stjórnarmenn og tvöfalt fyrir formann.
3. Engar tillögur um breytingar á samþykktum hafa komið fram. Samþykktir félagsins eru óbreyttar frá upphafi.
4. Endurskoðandi Minjaverndar er Gunnar Þorvaldsson löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte.

Með kveðju,

f.h. Minjaverndar hf.,

Þorsteinn Bergsson.